

og er nú búsettur í Danmörku, en áður selt nánast allar eigur sínar og fengið í sínar hendur í peningum og verðbréfum samtals kr. 9.307.818,00. Kærði lýsti því síðan yfir fyrir skiptarétti að hann væri með öllu eignalaus, enda notað fyrrgreinda fjármuni til greiðslu skulda áður en hann fór af landinu. Framkomnar kröfur í þrotabú kærða voru að fjárhæð 5.067.074,75.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá skiptarétti, RLR og fyrir dómi að mjög takmörkuðu leyti gert grein fyrir hvaða lánardrottnum hann greiddi og hefur hvorki lagt fram né vísað á greiðslugögn (kvittanir) máli sínu til stuðnings. Ríkissaksóknari hefur mælt svo fyrir að rannsókn skuli miða að því að upplýsa hvort og þá hvernig kærði hefur varið fyrrgreindum fjármunum.

Brot það er kærði er grunaður um getur varðað fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir rétt að taka kröfu RLR til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Pétur Ingólfsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 23. apríl 1986 kl. 17:00.

Föstudagur 11. apríl 1986.

Nr. 127/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Inga Rafni Bæringssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag, og krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. apríl 1986.

Ár 1986, mánudaginn 7. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir að föstudaginn 28. mars sl. var kærði, Ingi Rafn Bæringsson, atvinnulaus, fæddur 10.03. 1955, óstaðsettur í hús en sagður með dvalarstað að Skipasundi 88, Reykjavík, úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 7. apríl 1986 kl. 17:00 vegna viðamikillar rannsóknar á innbrotspjófnuðum. Í þessu sambandi er kærði sakaður um að hafa veitt viðtöku töluverðu magni þýfis frá þeim sem grunaðir eru um aðild að framangreindum innbrotspjófnuðum. Ennfremur að hafa afhent til sölu hluti sem taldir eru þýfi.

Frá því kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald hafa verið teknar af honum 3 rannsóknarlögregluskýrslur, þ.e. þann 1., 4. og 5. þ.m. Í skýrslum þessum kemur fram að kærði neitar alfarið sök. Jafnframt hefur hann ekki viljað upplýsa RLR um dvalarstaði sína að undanfögnu.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR. Einnig hefur hann bent á að hann sé að finna á vísun stað ef til hans þurfi að leita í sambandi við rannsókn málsins.

Ljóst þykir af gögnum málsins sem lögð hafa verið fyrir dóminn að rannsókn þess er nokkuð á veg komin þótt ekki sé henni að fullu lokið. Ber í þessu sambandi að líta til þess að nauðsynlegt er að fram fari samprófanir kærða og annarra grunaðra í málinu sem óhjákvæmilegt er að taki nokkurn tíma.

Með hliðsjón af framansögðu og með skírskotun til 1. og 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir ekki verða hjá því komist að framlengja gæsluvarðhaldið yfir kærða og skal hann sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi eins og sú krafa er fram sett í beiðni RLR, þ.e. allt til mánudagsins 14. apríl 1986 kl. 17:00.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga og eru því ákvæði 65. gr. stjórnskrárinnar gæsluvarðhaldi þessu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ingi Rafn Bæringsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 14. apríl 1986 kl. 17:00.

Mánudaginn 14. apríl 1986.

Nr. 59/1986. **Pólarhús hf**

gegn

Ragnari Tómassyni og

Þorsteini Steingrímssyni

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 11. febrúar 1986, er barst Hæstarétti 21. sama mánaðar, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Hann gerir þær kröfur „að úrskurðinum verði hrundið og breytt og lagt verði fyrir héraðsdómara að framkvæma hina umbeðnu dómkvaðningu, en til vara að lagt verði fyrir héraðsdómara að framkvæma endurupptöku matsmálsins og leggja fyrir matsmenn að meta verð Vatnsstígs 11 og önnur þau atriði sem í bréfi umboðsmanns matsbeiðanda til borgardómara dags. 08.01. 1986 greinir og á þeim grundvelli og miðað við þær forsendur sem í nefndu bréfi greinir, að niðurstöðu úrskurðarins um málskostnað verði hrundið og breytt á þá lund að kæranda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnaðila svo og hæfilegur kærumálskostnaður að mati Hæstaréttar.“

Varnaraðilar hafa hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerðir.

Beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna sem fjallað er um í máli þessu er rituð 8. janúar 1986 og lögð fram á bæjarþingi Reykjavíkur 9. s.m. Er meginefni hennar rakið í hinum kærða úrskurði en upphaf hennar er svohljóðandi:

„Með vísan til meðfylgjandi afrits af beiðni minni f.h. Pólarhúss hf. um endurupptöku matsmálsins: Pólarhús hf. gegn Ragnari